

Terra ehf  
Rangárvöllum  
603 Akureyri

Reykjavík, 25. febrúar 2020  
UST201912-207/H.R.A.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. desember sl. þar sem stofnunin ítrekaði fyrri beiðni sína og óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti í Gámaþjónustu Norðurlands þann 3. október 2019. Þann 31. janúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávik er eftifarandi:

- Gr. 5.3. í starfsleyfi.** Gildi á olíu/fitu, súrefnisþörf (COD) og svifögnum (TSS) eru yfir losunarmörkum starfsleyfis. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verða framkvæmdar breytingar á frárennslikerfi fyrirtækisins.** Í fyrsta lagi verður frárennsli spilliefnamóttöku aðskilin frá frárennsli móttökustöðvar. Jafnframt verður frárennslivatn spilliefnamóttöku leitt í nýja sand- og olugildru. Við útrennsli gildrunnar stendur til að hafa sýnatökubrunn. Afrennsli gildrubúnaðar tengist síðan í frárennslilögn lóðarinnar neðan við gildrubúnað móttökuhúss. Jafnframt áætlar rekstraraðili að reisa skýli til að takmarka innsýn inn á athafnasvæði frá Hlíðarfjallsvegi. Áætluð verklok úrbóta er eigi síðar en 15. júlí 2020.


**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir  
Sérfræðingur

  
Helga Rut Arnarsdóttir  
Lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands Eystra